



Þingskjal nr. 44

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að heimila stjórn sambandsins hverju sinni að ákvarða launakjör formanns LH. Laun formanns skulu taka mið af og vera hlutfall af launum framkvæmdastjóra. Skal vinnuframlag og áætluð vinnuskylda á hverjum tíma höfð til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin um launagreiðslur formanns. Formaður og framkvæmdastjóri leggja fyrir stjórn tillögu að starfshlutfalli og skal formaður víkja fundi þegar ákvörðun er tekin. Stjórn ákvarðar launakjör formanns árlega, þegar uppfærð fjárhagsáætlun næsta árs liggur fyrir.

Greinargerð

Starf formanns LH er viðamikið og krefst mikillar vinnu sem felst meðal annars í fundarsetum, ferðalögum innanlands og erlendis, auk þess að vera talsmaður og koma fram fyrir hönd sambandsins. Auk þess að vera formaður stjórnar LH og vera helsti ábyrgðaraðili fyrir störfum og stefnu sambandsins situr formaður jafnan í fjölda nefnda, ráða og átakshópa, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi Íslandshestamenskunnar. Fer vinna formanns fram bæði innan og utan dagvinnutíma.

Það er eðlilegt þegar um svo stórt sérsamband er að ræða, eins og LH er, að til komi launagreiðslur fyrir störf í þágu sambandsins, upp að ákveðnu marki. Með þeim hætti getur formaður tekið virkari þátt í störfum sambandsins og lagt meira af mörkum.